

Mál nr. 307/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 26. september 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 12. október 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í fyrirliggjandi lögregluskýrslu dags. 24. október 2019 kemur fram að M slasaðist við vinnu sína í verksmiðju X þar sem verið var að ræsa nýja vél sem sér um að þurrka plast. Rök vélarinnar hafi óvænt farið í sundur og kveðst M hafa slökkt á vélinni og hafi samstarfsmaður hans fundið tröppu sem M fór upp í til þess að setja rörið aftur saman. Er hann var staðsettur ofarlega í tröppunni fékk hann blástur úr rörinu í augað og við það missti hann jafnvægið og féll niður úr tröppunni og slasaðist. Haft er eftir verkstjóra M að M væri sérfræðingur á þessa vél sem væri ný í notkun hjá X en hann hefði ekki formlega hafið störf hjá fyrirtækinu þrátt fyrir að búið væri að ráða hann til starfa. Hann hafði verið fenginn þennan dag til að hjálpa starfsmönnum X að ræsa nýju vélina. Starfsmaður Vinnueftirlitsins kom á vettvang og var niðurstaða rannsóknar eftirlitsins sú að orsök slyssins mætti rekja til ófullnægjandi búnaðar við framkvæmd verksins, þ.e. að trappa var notuð við verkið og öryggi ekki tryggt á annan hátt. Meðvirkandi þættir voru að öryggisglæraugu/andlitshlíf var ekki notuð og verkþátturinn hafði ekki verið áhættumetinn. M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu atvinnureksturs X hjá V. Telur M að af fyrirliggjandi gögnum og upplýsingum megi greinilega sjá að vinnuveitandinn, X, brást skyldum sínum samkvæmt 14. og 37. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum auk reglugerðar um notkun tækja nr. 367/2006. Telur M það hafa verið eðlilegan hluta af starfsskyldum sínum og annarra starfsmanna á svæðinu að setja rörið aftur saman og þar með vinna í þessari hæð. Að mati M sýndi X eða starfsmenn á hans vegum sem sinntu verkstjórn, af sér saknæma háttsemi sem leiddi til líkamstjóns M, enda var m.a. verulegur skortur á því að búnaður, verkstjórn, verklag, verkskipulag og þjálfun starfsmanna væri með viðunandi hætti og til samræmis við skyldur fyrirtækisins þar um. Þannig beri að staðfesta bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X vegna slyssins. Uppsetningu vélarinnar var lokið þegar slys M átti sér stað. M hafði ekki formlega hafið störf þegar slysið gerðist en var boðið að vera á staðnum þegar vélin yrði gangsett og fylgjast með öllu ferlinu þar sem hans starf hjá X átti að felast í vinnu við þessa tilteknu vél. M hafði því engum skyldum að gegna á slysdegi hjá X. Rörið fór skyndilega í sundur, eitthvað sem enginn bjóst við eða gerði ráð fyrir að gæti gerst. Það hefði ekki átt að fara fram hjá M að blástur kæmi enn frá rörinu og þar með ekki búið að slökkva með fullnægjandi hætti á vélinni. Til staðar voru persónuhlífar fyrir starfsmenn en hefði M notast við þær hefði slysið mögulega ekki gerst. Að mati M var ekki nauðsynlegt að setja rörið strax aftur saman, rétt hefði verið að tryggja að enginn blástur kæmi frá vélinni og drepa alveg á henni áður en hafist væri handa við að koma henni í lag aftur. Það var enginn sem gaf M fyriræli um að bregðast við aðstæðum með þessum tiltekna hætti. Ekki lá fyrir áhættumat fyrir vinnu í hæð eða búnaður ætlaður fyrir menn til vinnu í þessari tilteknu hæð þar sem vinna í hæð var ekki hluti af starfsskyldum M né annarra starfsmanna X. Slysið megi þannig ekki rekja til atriða sem X ber skaðabótaábyrgð á að lögum.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort tjón M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða starfsmanna þess, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu. Það hvílir á M að sýna fram á að svo hafi verið. Slys M var rannsakað af Vinnueftirlitinu sem gerði athugasemdir við að ekki ófullnægjandi búnaður var notaður við verkið, öryggisglæraugu eða öryggishlíf var ekki notuð og að verkþátturinn hafi ekki verið áhættumetinn. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að M hafi, án þess að hafa formlega hafið störf hjá X eða fengið fyrir mæli þar um, tekið þá ákvörðun að fara upp í tröppur til þess að setja rörið aftur saman. Þannig var það M sjálfur sem slökkti á vélinni og fór

upp í tröppurnar án þess að hafa öryggisgleraugu og án þess gæta að því hvort enn væri blástur að koma frá vélinni. Hefur M auk þessa ekki sýnt fram á að slysið megi rekja til þess að verkþátturinn var ekki áhættumetinn en X hefur gefið þá skýringu að ástæða þess sé sú að vinna í hæð sé ekki hluti af starfsskyldum M né annarra starfsmanna. Verður þannig ekki annað ráðið en að hér hafi verið um að ræða óvænt atvik sem upp hafi komið við gangsetningu vélarinnar og að slysið megi rekja til þess að M ákvað sjálfur að framkvæma viðgerð án þess að tryggja öryggi sitt með fullnægjandi búnaði. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er því ekki sýnt fram á að umrætt atvik verði rakið til sakar X eða aðila sem það ber ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 15. nóvember 2022.

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir